

30. júní 2020

**SAMNINGUR VIÐ
STAÐFESTINGARAÐILA**

milli

Reginn hf.,

PricewaterhouseCoopers ehf.

og

Umboðsmanna kröfuhafa

(samkvæmt skilgreiningu í samningi þessum)

70.000.000.000 KR. ÚTGÁFURAMMI REGINN HF.
SÉRTÆKT TRYGGINGAFYRIRKOMULAG

AC-505
JPA

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR	1
2. SKILGREININGAR	1
3. STAÐA OG HÆFI STAÐFESTINGARAÐILA	3
4. SKYLDUR ÚTGEFANDA	3
5. ALMENNT UM HLUTVERK OG SKYLDUR STAÐFESTINGARAÐILA	4
6. STAÐFESTING SKÝRSLU UM LÁNAÞEKJU	4
7. STAÐFESTING SKÝRSLU UM FJÁRHAGSLEGAR KVAÐIR	5
8. BREYTINGAR Á STAÐFESTINGARAÐILA	6
9. ÁBYRGÐ STAÐFESTINGARAÐILA	7
10. TRÚNAÐUR	7
11. BREYTINGAR OG TILKYNNINGAR	7
12. ÞÓKNUN STAÐFESTINGARAÐILA	8
13. LÖG OG VARNARÞING	8
14. GILDISTÍMI	9
15. ANNAÐ	9
VIÐAUKI I	11
VIÐAUKI II	12
VIÐAUKI III	13
VIÐAUKI IV	15
VIÐAUKI V	16

Sís
Ae

Samningur þessi er gerður þann 30. júní 2020 („samningurinn“) og er á milli:

- 1) Reginn hf., kt. 630109-1080, Hagasmára 1, 201 Kópavogur („útgefandi“);
- 2) PricewaterhouseCoopers ehf., kt. 690681-0139, Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík („staðfestingaraðili“); og
- 3) Umboðsmanna kröfuhafa, eins og þeir eru skilgreindir í samningi þessum, fyrir hönd kröfuhafa.

1. INNGANGUR

- 1.1. Samningur þessi er gerður í tengslum við útgáfu fjármögnunarskjala undir allt að 70.000.000.000 kr. útgáfuramma útgefanda, sbr. grunnlýsinguna.
- 1.2. Í grunnlýsingunni er kveðið á um skipan staðfestingaraðila fyrir sértæka tryggingafyrirkomulagið.
- 1.3. Með samningi þessum er staðfestingaraðili skipaður og undirgengst hann að gegna þeim skyldum sem honum eru faldar í samningi þessum og sem leiða af skilmálum fjármögnunarskjala sem gefin eru út undir sértæka tryggingafyrirkomulaginu í samræmi við útgáfurammann og grunnlýsinguna. Staðfestingaraðili fer yfir forsendur og útreikninga við veðsetningu í upphafi og vegna staðfestingar á skýrslum um lánaþekju og skýrslum um fjárhagslegar kvaðir frá útgefanda.
- 1.4. Staðfestingaraðili er í upphafi ráðinn af útgefanda. Starfsskyldur staðfestingaraðila eru þó alfarið gagnvart kröfuhöfum. Útgefandi hefur ekkert boðvald yfir staðfestingaraðila og er ekki heimilt að hafa áhrif á störf hans eða skipun, nema að svo miklu leyti sem sérstaklega er kveðið á um slíkt í samningi þessum.
- 1.5. Komi til frekari útgáfu verðbréfaflokka sem tryggðir eru með sérstöku tryggingafyrirkomulagi eða óveðtryggðra skuldabréfaflokka, skal gerður sérstakur samningur um staðfestingu þeirra skilyrða sem þar kunna að verða sett.

2. SKILGREININGAR

Í þessum samningi skulu eftirfarandi hugtök hafa eftirfarandi merkingu:

„**Aðildaryfirlýsing**“ merkir yfirlýsingu, sem er viðauki V við samning þennan, um aðild nýs staðfestingaraðila að samningi þessum.

„**Almenna tryggingarfyrirkomulagið**“ merkir það fyrirkomulag trygginga sem stofnað var til þann 9. maí 2017 með útgáfu veðsamnings-tryggingarbréfs og undirritun veðhafasamkomulags og samnings við staðfestingaraðila.

„**Grunnlýsingin**“ merkir grunnlýsingu útgefanda vegna útgáfurammans, dags. 31. mars 2020, ásamt viðaukum sem kunna að hafa verið gerðir við hana og með síðari breytingum, sem og grunnlýsingar og sambærileg skjöl sem gefin eru út í hennar stað vegna útgáfurammans.

AI SÓS